



21. febrúar 2022
Tilv.: 2202124

Dreifibréf nr. 6/2022
Til þeirra sem málið varðar

Efni: Viðmiðunarreglur ESMA um skyldur tengdar markaðsupplýsingum

Evrópska verðbréfaeftirlitsstofnunin (ESMA) hefur gefið út viðmiðunarreglur um skyldur tengdar markaðsupplýsingum ([ESMA70-156-4263 Guidelines on the MiFIDII/MiFIR obligations on market data](#)). Viðmiðunarreglurnar gilda um eftirlitsaðila, viðskiptavettvanga (e. trading venues), viðurkennda birtingarþjónustu (e. approved publication arrangements, APA), þjónustu fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar (e. consolidated tape provider, CTP) og innmiðlara (e. systemic internaliser, SI). Reglurnar fjalla um markaðsupplýsingar sem þessum aðilum ber að veita fjárfestum aðgengi að með það að markmiði að tryggja gagnsæi á mörkuðum og um leið tryggja jafnræði fjárfesta.

Hinn 1. september 2021 tóku gildi lög nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga en lögin innleiða ákvæði tilskipunar 2014/65/ESB um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB (MiFIDII) í íslenskan rétt. Jafnframt innleiða lögin reglugerð (ESB) nr. 600/2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (MiFIR), sbr. 3. gr. 1. nr. 115/2021. Viðmiðunarreglur um skyldur tengdar markaðsupplýsingum eiga nánar tiltekið við um 13. gr., 1. mgr. 15. gr. og 8. mgr. 18. gr. MiFIR, sem eru nánar útfærðar í 6. til 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2017/567 og 1. og 2. mgr. 64. gr. og 1. og 2. mgr. 65. gr. MiFIDII (þ.e. 108. og 109. gr. laga nr. 115/2021), sem eru nánar útfærðar í 84. til 89. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2017/565.¹

Ákvæði laga nr. 115/2021 gera kröfu um að viðskiptavettvangar, APA, CTP og SI veiti markaðsupplýsingar á eðlilegum viðskiptakjörum og gæti jafnræðis í aðgengi að þeim. Viðmiðunarreglurnar skiptast upp í 19 viðmið í 7 undirköflum, en þessir kaflar eru:

1. Skýr og aðgengileg markaðsupplýsingastefna.

¹ *Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/567 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 að því er varðar skilgreiningar, gagnsæi, samþjöppun eignasafns og eftirlitsráðstafanir hvað varðar afurðaihlutun og stöður og Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/565 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB að því er varðar skipulagskröfur og rekstrarskilyrði verðbréfafyrirtækja og hugtök sem skilgreind eru að því er varðar þá tilskipun hafa verið lögfestar samkvæmt 3. gr. laga nr. 115/2021.*



Markaðsupplýsingar og grunnkostnaður.

3. Skylda til að veita jafnt aðgengi að markaðsupplýsingum.
4. Notendagjöld miðað við notendur (e. per user fees).
5. Skylda til að aðgreina markaðsupplýsingar frá öðrum þjónustupáttum.
6. Gagnsæiskröfur.
7. Skylda til að veita markaðsupplýsingar ókeypis eftir 15 mín frá birtingu.

Samkvæmt 3. mgr. 16. gr. ESAs reglugerðanna, sem innleiddar voru með lögum nr. 24/2017 um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði, eiga lögbær yfirvöld og viðkomandi eftirlitsskyldir aðilar að leita allra leiða til að fara að viðmiðunarreglum evrópsku eftirlitsstofnananna og almennum tilmælum.


Dreifibréf þetta verður birt á heimasíðu Seðlabankans ásamt slóð á ensku útgáfu viðmiðunarreglnanna. Fjármálaeftirlitið mun jafnframt styðjast við viðmiðunarreglurnar við eftirlitsframkvæmd.


Fjármálaeftirlitið beinir því til þeirra sem málið varðar að kynna sér umræddar viðmiðunarreglur ESMA og taka mið af þeim í starfsemi sinni eftir því sem við á.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Fjármálaeftirlit


Páll Friðriksson
Framkvæmdastjór
Markaðir og viðskiptahættir


Finnur Lofísson
lögfræðingur
Markaðir og viðskiptahættir